

Tillaga til ályktunar

– Flóðljýsing á leikvöllum í efstu deildum–

Lagt er til að ársþing KSÍ 2023 samþykki eftirfarandi ályktunartillögu;

Tillagan hljóðar svona:

Ársþing KSÍ samþykkir að sett verði inn ákvæði í reglugerð um knattspyrnuleikvanga að allir leikvöllir í efstu deild karla og kvenna verði búnir flóðljósum með að lágmarki 800 lux (útfærsla í höndum mannvirkjanefndar) og uppfylli önnur skilyrði sem UEFA setur varðandi flóðljýsingu á leikvöllum. Aðlögun verði gefin til þess að uppfylla þetta skilyrði til upphaf keppnistímabilsins 2026.

Greinargerð

Með breytingu á mótafyrirkomulagi í efstu deildum og lengingu keppnistímabils inn í skammdegið er mikilvægt að bregðast við og búa leikvöllina þannig að hægt sé að spila á þeim seinni part dags þegar líður á haustið. Við núverandi ástand er erfitt að finna hentugan tíma fyrir leiki í seinni hluta tímabilsins hjá þessum liðum og lenda leikir því oft á þeim tímum hvorki áhorfendur né starfsmenn leikjanna hafa möguleika á að mæta á völlinn.

Orri Hlöðversson stjórn KSÍ/ÍTF